

Mánudaginn 29. júní 1964.

Nr. 146/1963. **Gústaf A. Sveinsson**

gegn

Kvenfélaginu Hringnum og gagnsök.

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómaramennir Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds yfirborgardómari, Logi Einarsson yfirsakadómari og Theodór B. Lindal prófessor.

Kærumál. Málflutningslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðalkærandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. október 1963 og krafist þess, að endurgjald fyrir lögmannsstarf hans í þágu gagnkæranda, sem deilt er um og í hinum kærða úrskurði greinir, verði ákveðið kr. 266.-175.00 og gagnkæranda dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Gagnkærandi, sem fékk vitneskju um uppsögu hins kærða úrskurðar hinn 20. september 1963, hefur af sinni hendi skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 3. október 1963. Hann krefst þess, að nefnt endurgjald verði ákveðið kr. 41.773.00, er hann hefur greitt og aðalkærandi tekið við með fyrirvara. Þá krefst gagnkærandi kærumálskostnaðar.

Gert var ágrip dómsgagna, sem eru mjög umfangsmikil, og barst dómnum ágripið með bréfi aðalkæranda, dags. 22. f. m.

Málsatvikum er rækilega lýst í hinum kærða úrskurði.

Þegar virt er starf aðalkæranda og hagsmunir þeir, sem um var að tefla, þykja málflutningslaun aðalkæranda til handa hæfilega ákveðin kr. 130.000.00. Þer gagnkæranda að greiða aðalkæranda þá fjárhæð, að frádregum kr. 41.-773.00, þ. e. kr. 88.227.00, og svo kærumálskostnað, kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Gagnkærandi, Kvenfélagið Hringurinn, greiði aðalkæranda, Gústaf A. Sveinssyni, málflutningslaun, kr.

88.227.00, og kærumálskostnað, kr. 20.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 17. september 1963.

Ár 1963, þriðjudaginn 17. september, kom stjórn Lögmannafélags Íslands saman á fund í skrifstofu félagsins að Garðastræti 17, hér í borg.

Mættir stjórnendur voru: Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður, formaður félagsins, Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður félagsins, Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, gjaldkeri félagsins, Gunnar Jónsson héraðsdómslögmaður, ritari félagsins, og Benedikt Blöndal héraðsdómslögmaður í stað Axels Einarssonar héraðsdómslögmanns, er vikið hafði sæti í málinu.

Var þá tekið fyrir ágreiningsmálið:

Gústaf A. Sveinsson gegn Kvenfélaginu Hringnum, og í því kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Ágreiningsmál þetta, sem tekið var til úrskurðar eftir munnlegan málflutning 2. ágúst s.l., hefur Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður borið undir stjórn félagsins með bréfi, dags. 3. maí 1963, og hefur sóknaraðili við munnlegan flutning málsins gert eftirgreinda kröfu í málinu:

Að laun hans fyrir flutning skiptaréttarmálsins: Kjörbörn og kjörbarnabörn Sigríðar Einarsdóttur og Magnúsar Benjamínssonar gegn Kvenfélaginu Hringnum séu samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands rétt reiknuð kr. 266.175.00.

Málavextir eru sem hér segir:

Magnús Benjamínsson úrsmiður var fæddur 6. febrúar 1853. Að loknu námi í iðn sinni stofnaði hann sitt eigið fyrirtæki í Reykjavík 21. september 1881. Fyrirtæki þetta rak hann lengi einn, en 1927 tók hann í félag við sig Harald Hagan úrsmið, og ráku þeir saman úrsmíðavinnustofu og verzlun til 1. október 1933, að Haraldur gekk úr félaginu. Þá tók Magnús í félag við sig Hjört R. Björnsson, Ólaf Tryggvason og tengdason sinn, Sverri Sigurðsson, og ráku þessir menn síðan fyrirtækið saman, þar til Magnús andaðist 2. marz 1942.

Magnús Benjamínsson kvæntist 8. október 1889 Sigríði Einarsdóttur, er fædd var 21. apríl 1872, og lifðu þau saman í hjúskap, unz Magnús andaðist.

Þau Magnús og Sigríður voru barnlaus. Hins vegar tóku þau fósturbörn, fyrst Lilju Antonsdóttur, er andaðist tvítug, og einnig

Kristin Eyjólfsdóttir, fæddan 28. nóvember 1894, og Maríu Lárusdóttur, fædda 5. maí 1910. Hjónin sóttu um ættleiðingu fyrir þau Kristin og Maríu með bréfi til dómsmáladeildar Stjórnarráðsins, dags. 27. nóvember 1913. Segir í téðu bréfi, að hjónin óski m. a., að kjörbörnin „öðlist erfðarétt eftir okkur, þó að áskildum óskertum arfleiðslurétti okkar, eftir því sem okkur þóknast“. Ættleiðingarbréf var útgefið 17. desember 1913, og er þar tekið fram, að kjörbörnin „taki arf eftir hjónin, sem væru börnin þeirra eigin skilgetin börn, þó svo, að þetta sé eigi til fyrirstöðu, að ættleiðendur ráðstafi eignum sínum, eins og þeim sýnist með arfleiðsluskrá“.

Magnús Benjamínsson átti og rak einn eða með öðrum, eins og áður segir, úrsmíðavinnustofu og verzlun í Reykjavík. Auk þess átti hann á sínum tíma húseignina nr. 23 við Þingholtsstræti í Reykjavík, húseignina nr. 3 B við Veltusund í Reykjavík og húseignina nr. 1 við Ásvallagötu í Reykjavík. Hinn 31. júlí 1930 seldi Magnús Kristni Magnússyni, kjörsyni sínum, og Gísli Ólafssyni fasteignina nr. 23 við Þingholtsstræti, og er verðið talið kr. 50.000.00. Taka kaupendur að sér greiðslu á skuld við Söfnunarsjóð, að upphæð kr. 10.000.00, greiða í peningum kr. 5.000.00 og gefa út veðskuldabréf til seljanda fyrir eftirstöðvunum, kr. 35.000.00. Með afsalsbréfi 2. júní 1936 seldi síðan Gísli Kristni sinn helming fasteignarinnar fyrir kr. 25.000.00. Við þau kaup tók Kristinn að sér að greiða skuld, að fjárhæð kr. 24.000.00, og greiðir kr. 1.000.00 í veðeildarbréfum.

Hinn 1. maí 1938 framkvæmdu hjónin Magnús og Sigríður skiptagerning og úthlutuðu þá kjörbörnum sínum Kristni og Maríu eignum fyrirfram upp í arf eftir sig. Í þeirri arfsúthlutun fær Kristinn afhent kvittað skuldabréf sitt, að eftirstöðvum kr. 27.404.96, og María Magnúsdóttir fær afhenta fasteignina nr. 3 B við Veltusund, svo sem nánar er rakið í nefndum löggerningi.

Eins og áður segir, andaðist Magnús Benjamínsson 2. marz 1942. Sótti Sigríður þá um og fékk leyfi til setu í óskiptu búi hinn 9. apríl 1942 eftir eiginmann sinn, og verður ekki séð, að skipti hafi nokkru sinni farið fram eftir Magnús.

Sigríður Einarasdóttir andaðist 3. maí 1956.

Uppskrift á eignum dánarbúsins, sem þá var talið eign Sigríðar einnar, fór fram hinn 28. júní 1956. Við uppskriftina var mætt af hálfu Kvenfélagsins Hringsins, hér í borg, og einnig voru viðstaddir Sverrir Sigurðsson, eiginmaður Maríu Magnús-

dóttur, og kjörsonurinn, Kristinn Magnússon. Við uppskrift þessa komu fram eftirtaldar eignir: Húseignin Ásvallagata 1 með tilheyrandi eignarlóð, að fasteignamati kr. 74.000.00 samtals, enn fremur sparisjóðsbækur, innbú o. fl.

Þá kom einnig fram arfleiðsluskrá, undirrituð af Sigríði Einarsdóttur og notarialiter staðfest hinn 21. ágúst 1954. Á skrána er ritað samþykki kjörbarna Sigríðar og Magnúsar, þeirra Kristins Magnússonar og Maríu Magnúsdóttur, svo og maka þeirra, Guðrúnar Einarsdóttur og Sverris Sigurðssonar, en notarialvottorðið tekur ekki til þeirra undirskrifa.

Arfleiðsluskrá þessi er svohljóðandi:

„Ég undirrituð, Sigríður Einarsdóttir, Ásvallagötu 1, Reykjavík, geri hér með svohljóðandi

ARFLEIÐSLUSKRÁ:

Að mér látinni, skulu kjörbörn mín og látins eiginmanns míns, Magnúsar Benjamínssonar úrsmíðameistara, þau Kristinn E. Magnússon bakarameisteri, Þinghóltsstræti 23, og María Magnúsdóttir frú, Ægissíðu 46, bæði hér í bæ, hljóta hvort eftir mig, kr. 200.000.00 — tvö hundruð þúsund krónur. Hvert barna ofangreindra kjörbarna minna, sem lifir mig, skal á sama hátt hljóta kr. 25.000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónur. Það, sem afgangs kann að verða eftirlátinna eigna minna, þegar ofangreindar upphæðir hafa verið greiddar af hendi, skal renna til Kvenfélagsins Hringsins. Skal með upphæðinni stofna sjóð, er skal heita „Minningarsjóður hjónanna Magnúsar Benjamínssonar úrsmíðameistara og Sigríðar Einarsdóttur“. Fé sjóðsins skal varið til að stuðla að rannsóknum hjartasjúkdóma sérstaklega, leita aðferða til að greina þá og ráða gegn þeim, allt samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverjum tíma. Stjórn sjóðsins skulu skipa formaður Kvenfélagsins Hringsins og yfirlæknir lyfja-, skurð- og röntgendeilda Landspítalans, þangað til væntanlegt barnasjúkrahús tekur til starfa, en þá skal yfirlæknir þess taka sæti í stjórninni auk framangreindra stjórnenda.

Stjórn sjóðsins skal ráða, á hvern hátt eignum hans skuli varið í framangreindu augnamiði.

Stjórn sjóðsins skal semja skipulagsskrá fyrir hann og leita staðfestingar Stjórnarráðs Íslands á henni.

Með arfleiðsluskrá þessari er arfleiðsluskrá mín, dags. 11. maí 1953, fallin úr gildi.

Erfðaskrá þessa undirrita ég í viðurvist notarii publici, skal

hún innfærð í notarialbókina og afrit af henni jafngilda frumritinu, ef það skyldi glatast.

Reykjavík, 21. ágúst 1954.

Sigríður Einarsdóttir.

Samþykkt ofanritaðri arf-

leiðsluskrá, Rvík, d.u.s.

Kr. Magnússon. María Magnúsdóttir.

Guðrún Einarsdóttir. Sverrir Sigurðsson.

Ár 1954, laugardaginn 21. ágúst, var ég undirritaður fulltrúi notarii publici í Reykjavík staddur í húsinu nr. 1 við Ásvalla-
götu, hér í bænum. Kom þar og þá fyrir mig Sigríður Einars-
dóttir, sem hér býr, og sannaði á sér deili. Lagði hún fram og
undirritaði í viðurvist minni og notarialvottanna framangreinda
arfleiðsluskrá, dagsetta í dag. Gerði hún það af fúsum og frjáls-
um vilja og með fullu ráði og kvað skrána hafa vilja sinn að
geyma.

Notarialvottar voru þeir Sveinbjörn Jónsson hrl. og Sigurð-
ur Samúelsson læknir, báðir hér í bænum.

Þórhallur Pálsson, ftr.

L. S.

Gjald: kr. 50.00.

— fimmtíu krónur —

Greitt. Þ. P.

Notarialvottar:

Sigurður Samúelsson

Sveinbjörn Jónsson.“

Skiptafundir í dánarbúinu voru haldnir dagana 28. júní og
2., 3. og 12. júlí 1956 og 1. ágúst s. á. Á skiptafundi hinn 28.
júní var mætt af hálfu Kvenfélagsins Hringsins. Var þá ákveðið
að gefa út innköllun til skuldheimtumanna í búinu. Hinn 2. júlí
var mætt af hálfu barnaspítalasjóðs Hringsins, og enn fremur
af hálfu kjörbarnanna og sú yfirlýsing gefin af lögmanni þeirra,
að þau muni að öllu leyti fallast á arfleiðsluskrá Sigríðar, en
lögmaður þessi taldi þó réttara, að þau yrðu kölluð fyrir skipta-
réttinn til nánari ákvörðunar, þar að lútandi. Á skiptafund-
inum 3. júlí var mætt fyrir Kvenfélagið Hringinn, og enn frem-
ur var mættur Sverrir Sigurðsson, eiginmaður Maríu, og lög-
maður með honum. Frestað var á þessum fundi að taka ákvarð-
anir um gildi arfleiðsluskrárinnar.

Á skiptafundinum 12. júlí 1956 var mætt af hálfu Kvenfé-

lagsins Hringingsins, enn fremur var mættur af hálfu kjörbarna og kjörbarnabarna hjónanna Gunnar A. Pálsson hæstaréttarlögmaður og lýsti því yfir, að hann vefengdi gildi arfleiðsluskrárinnar. Fékk lögmaðurinn frest til að koma að greinargerð í málinu, og var ákveðið, að um ágreining þenna yrði rekið sérstakt skiptaréttarmál, og var málið síðan sótt og varið fyrir skiptarétti Reykjavíkur.

Umboðsmaður sóknaraðilja í skiptaréttarmálinu, Gunnar A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, lagði fram greinargerð sína hinn 1. ágúst 1956 og gerði þær kröfur, að arfleiðsluskrá Sigríðar Einarsdóttur, dagsett 21. ágúst 1954, yrði dæmd ógild og að varnaraðilja, Kvenfélaginu Hringnum, Reykjavík, yrði gert að greiða sóknaraðiljum málskostnað í samræmi við lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Kvenfélagið Hringurinn afréð að taka til varna í málinu, og fól stjórn félagsins Gústaf A. Sveinssyni hæstaréttarlögmanni málið til flutnings. Hinn 29. september 1956 skrifaði hann greinargerð í málinu og gerði þar þessar dómkröfur:

„að arfleiðsluskrá arfleiddanda, Sigríðar Einarsdóttur, dags. 21. ágúst 1954, verði gild metin í öllum atriðum, enda verði sóknaraðiljum, Kristni Magnússyni og Maríu Magnúsdóttur, með úrskurði dómsins gert að greiða umbj. mínum kostnað sakarinnar að mati dómsins.“

Þegar lögmennt aðiljanna skrifuðu þessar greinargerðir, var þeim alveg ókunnugt um það, að Sigríður Einarsdóttir hafði fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir mann sinn, Magnús Benjamínsson, en leyfisbréf þetta er dagsett 9. apríl 1942, og að engin skipti höfðu farið fram eftir Magnús.

Í tilefni af hinu nýja viðhorfi í málinu, fengu umboðsmenn aðiljanna að leggja fram framhaldsgreinargerðir í skiptaréttarmálinu.

Framhaldsgreinargerð sóknaraðilja, undirrituð af Gunnari A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, er lögð fram í skiptarrétti Reykjavíkur 18. febrúar 1957, og gerir hann þar þessar kröfur:

„Aðallega, að arfleiðsluskrá Sigríðar Einarsdóttur, Ásvallagötu 1, dagsett 21. ágúst 1954, verði dæmd ógild með öllu, þannig að allar eignir dánar- og félagsbús nefndrar Sigríðar og Magnúsar Benjamínssonar renni til barna þeirra hjóna, Kristins og Maríu.

Til vara, að dánar- og félagsbúinu verði þannig skipt, að annar helmingur þess renni óskertur til barnanna, Kristins og Maríu, en um hinn helming þess fari svo, að þau Kristinn og María

fái þrjá fjórðu hluta hans og þó aldrei minna en kr. 200.000.00 hvort. Af þeim fjórða hluta hérurædds búshelmings eða minna, sem þá verður eftir, fái barnabörn Sigríðar hvert kr. 25.000.00 eða samtals kr. 100.000.00, en að öðru leyti renni sá hluti til Kvenfélagsins Hringingsins til síðargreindrar sjóðstofnunar.

Til *þrautavara*, að dánar- og félagsbúinu verði þannig skipt, að annar helmingur þess renni óskertur til barnanna, Kristins og Maríu, en um hinn fari svo, að þau Kristinn og María fái hvort um sig af honum kr. 200.000.00, barnabörn Sigríðar hvert um sig kr. 25.000.00 eða samtals kr. 100.000.00, en að öðru leyti renni héruræddur helmingur dánar- og félagsbúsins til Kvenfélagsins Hringingsins til síðargreindrar sjóðstofnunar.

Enn fremur er þess krafizt, að hrundið verði þeim kröfum varnaraðilja, að í skiptin verði dregin þau verðmæti, er hann krefst umfram það, sem upp var skrifað eftir lát Sigríðar Einarsdóttur, þ. e. 1) þau verðmæti, er þeim Maríu og Kristni var úthlutað með skiptagerningi 1. maí 1938 (dskj. 16) sem fyrirframgreiddur arfur eftir Magnús Benjamínsson og Sigríði Einarsdóttur, 2) hluti Kristins Magnússonar í fyrirtækinu Magnús Benjamínsson & Co., afhentur honum sem fyrirframgreiðsla upp í arf 6. marz 1949, og 3) hluti Sverris Sigurðssonar í fyrirtækinu Magnús Benjamínsson & Co.

Hvernig sem málið fer, er þess krafizt, að varnaraðilja, Kvenfélaginu Hringnum, verði gert að greiða sóknaraðiljum fullan málskostnað í samræmi við lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í., miðað við þau verðmæti, er málið snýst um.“

Framhaldsgreinargerð varnaraðilja, undirrituð af G. A. Sveinsyni hæstaréttarlögmanni, er lögð fram í skiptarétti Reykjavíkur 6. apríl 1957, og gerir hann þar þessar kröfur:

„I) að arfleiðsluskrá arfleiðanda, Sigríðar Einarsdóttur, frá 21. ágúst 1954, verði gild metin í öllum atriðum.

II) *aðallega*, a) að hrundið verði tilkalli kjörbarna Sigríðar Einarsdóttur til arfs eftir Magnús Benjamínsson umfram það fé, sem þeim var úthlutað fyrir andlát hans, og b) að skipt verði sem eftirlátnum eignum Sigríðar Einarsdóttur einnar fjárhlut þeim, er upp var skrifaður í þessu skyni af skiptarétti Reykjavíkur eftir andlát hennar,

en til vara, a) skipt verði sem félagsbúi hjónanna Magnúsar Benjamínssonar og Sigríðar Einarsdóttur eignum þeim, er upp voru skrifaðar eftir andlát Sigríðar Einarsdóttur ásamt fé því, er kjörbörnum þeirra var úthlutað úr búi hjónanna og síð-

an úr búi Sigríðar Einarasdóttur fyrir lát hennar, b) enda verði þá fyrirframgreiðslur til téðra kjörbarna metnar til verðs eftir núverandi verðgildi peninga.

III) Hversu sem málið fer, er þess krafizt, að sóknaraðiljum, kjörbörnum Sigríðar Einarasdóttur og börnum þeirra, verði úrskurðað skylt að greiða varnaraðilja allan kostnað skiptaréttarmáls þessa, bæði í aðalsök og framhaldssök.“

Málflutningur sá, sem nú var hafinn, varð bæði langvinnur og harðvítugur, stóð í um það bil 6 ár, og lauk með munnlegum flutningi málsins, er stóð í 5 daga. Fór fram mikil gagnasöfnun í málinu og m. a. 62 vitnayfirheyrslur. Verður þessi málflutningur ekki frekar rakinn hér.

Hinn 23. maí 1963 var kveðinn upp úrskurður í skiptarétti Reykjavíkur í málinu, og segir svo m. a. í forsendum úrskurðarins:

„Svo sem mál þetta liggur fyrir og sérstaklega með vísun til notarialvottorðsins, verður það ekki talið sannað, að Sigríður Einarasdóttir hafi verið ófær til að gera arfleiðsluskrá þá, sem hér um ræðir. Það er heldur ekki sannað í máli þessu, að hún hafi verið beitt áróðri eða þvingun við arfleiðslugerning þenna né verið borin ráðum um efni skrárinnar og tilgang. Verður því að líta svo á, að arfleiðsluskrá þessi sé gild, að því er þetta atriði varðar.

Það er ósannað, að þau hjón, Magnús Benjamínsson og Sigríður Einarasdóttir, hafi gert sameiginlega og gagnkvæma arfleiðsluskrá, en hins vegar er það komið fram, að Sigríður hafði fengið leyfi til setu í óskiptu búi hinn 9. apríl 1942 eftir eiginmann sinn, og verður ekki séð, að skipti hafi nokkru sinni farið fram eftir hann. Af þessu leiðir, að henni var ekki heimilt að ráðstafa búshelmingi Magnúsar með arfleiðsluskrá, nema því aðeins að kjörbörn þeirra hjóna afsöluðu sér tilkalli til þess arfshluta.

Eftir orðalagi arfleiðsluskrárinnar verður ekki séð, að kjörbörnin hafi með áritun á hana fallið frá rétti til arfs eftir Magnús Benjamínsson. Verður því að telja, að þeim beri að þessu leyti helmingur nettóeigna úr búi þessu, en nettóeignir eru eignir þær, sem skrifaðar voru upp hinn 28. júní 1956, að fráðregnum skuldum, sem á búinu hvíldu, og kostnaði við skiptin. Kröfu varnaraðilja um, að með eignum búins verði talin þau verðmæti, sem hin látnu hjón höfðu látið af hendi til kjörbarna sinna sem fyrirframgreiddan arf eða á annan hátt, þykir ekki fært að taka

til greina, þar eð erfðalög nr. 42 frá 1949, sem hafa ákvæði um þetta að geyma, miða aðeins að fullrétti milli skylduerfingja.

Sóknaraðiljar hafa haldið því fram, að Sigríður Einarsdóttir hafi aðeins haft heimild til þess að ráðstafa $\frac{1}{4}$ hluta eigna sinna, þar eð kjörbörnin hafi verið skylduerfingjar hennar. Í umsókn Magnúsar Benjamínssonar og Sigríðar Einarsdóttur, dagsettri 27. nóvember 1913, þar sem þau beiðast þess að mega ættleiða sóknaraðilja, Maríu og Kristin, áskilja þau sér óskertan arfleiðslurétt þrátt fyrir ættleiðinguna. Í leyfisbréfi til ættleiðingarinnar, sem dagsett er hinn 17. desember 1913, rskj. nr. 25, segir meðal annars svo: „.... leyfi til þess, að ofangreind börn megi í einu sem öllu skoða sem skilgetin börn Magnúsar úrsmiðs Benjamínssonar og konu hans, Sigríðar Einarsdóttur, að þau taki upp nafn Magnúsar Benjamínssonar sem föðurnafn og nefnist framvegis Kristinn Magnússon og María Magnúsdóttir og að þau taki arf eftir hjónin sem væru börnin þeirra eigin skilgetin börn, þó svo, að þetta sé eigi því til fyrirstöðu, að ættleiðendur ráðstafi eignum sínum, eins og þeim sýnist með arfleiðsluskrá, né heldur því að það hjónanna, sem lengur lifir, sitji í óskiptu búi eftir hitt.“

Eigi verður séð, að erfðalög nr. 42 frá 1949 og/eða lög um ættleiðingu nr. 19 frá 1953 hafi fellt úr gildi samningsákvæði það, sem felst í ættleiðingu þessari, og þar sem að auki kemur til nafnritun lögerfingjanna á arfleiðsluskrána frá 21. ágúst 1954, þá verður að telja, að Sigríður Einarsdóttir hafi haft ótakmarkaðan ráðstöfunarrétt á sínum búshelmingi, enda verður ekki falllzt á það, að þessar áritanir séu ógildar samkvæmt almennum samningsreglum.

Í áminnztri arfleiðsluskrá arfleiðir Sigríður Einarsdóttir kjörbörn sín, Maríu Magnúsdóttur og Kristin Magnússon, hvort um sig að 200 þúsund krónum og auk þess hvert hinna fjögurra kjörbarnabarna að 25 þúsund krónum. Þessi arfleiðsla hefur ekki sætt andmælum, og ber þessum erfingjum því að fá þessar fjárhæðir greiddar af búshelmingi Sigríðar Einarsdóttur.

Samkvæmt þessu fara skipti í dánar- og félagsbúi Magnúsar Benjamínssonar og Sigríðar Einarsdóttur þannig fram: Kjördóttirin, María Magnúsdóttir, og dánarbú kjörsonarins, Kristins Magnússonar, fái helming nettóeigna búsins og auk þess af búshelmingi Sigríðar Einarsdóttur kr. 200 þúsund hvort, og kjörbarnabörnin, Sigríður Kristinsdóttir, Margrét Kristinsdóttir, Magnús Sverrisson og Gunnar Sverrisson, hvert um sig af bús-

helmingi Sigríðar Einarsdóttur kr. 25 þúsund. Það, sem afgangs verður, skal renna til Kvenfélagsins Hringsins til sjóðstofnunar þeirrar, sem ráðgerð er í arfleiðsluskránni.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Eignum dánar- og félagsbús Magnúsar Benjamínssonar og Sigríðar Einarsdóttur verður skipt þannig:

Kjördóttirin, María Magnúsdóttir, og dánarbú kjörsonarins, Kristins Magnússonar, erfi helming nettóeigna búsins og auk þess 200 þúsund krónur hvort af búshelmingi Sigríðar Einarsdóttur.

Kjörbarnabörnin, Sigríður Kristinsdóttir, Margrét Kristinsdóttir, Magnús Sverrisson og Gunnar Sverrisson, erfi 25 þúsund krónur hvert af sama búshelmingi.

Það, sem þá verður afgangs, skal falla til Kvenfélagsins Hringsins.

Málskostnaður fellur niður.“

Sóknaraðiljar skiptaréttarmálsins ákváðu að áfrýja ekki úrskurði þessum til Hæstaréttar, og afréð þá stjórn Kvenfélagsins Hringsins að una úrskurðinum af sinni hálfu, en félagsstjórnin hafði um það efni samráð við heilbrigðismálaráðuneytið.

Eftir þetta var framhaldið skiptum á téðu dánarbúi, og lauk þeim á skiptafundi 31. desember 1962.

Er úthlutunargerðin sem hér segir:

Eignir	kr. 2.430.908.15
Skuldir	— 140.914.72
Hrein eign reyndist þannig	kr. 2.289.993.43
og skiptist það fé sem hér segir:	
Dánarbú Kristins Magnússonar fékk	
úthlutað	kr. 772.498.36
María Magnúsdóttir	— 772.498.36
Sigríður Kristinsdóttir	— 25.000.00
Margrét Kristinsdóttir	— 25.000.00
Magnús Sverrisson	— 25.000.00
Gunnar Sverrisson	— 25.000.00
Kvenfélagið Hringurinn	— 644.996.71
Kr. 2.289.983.43	

Rétt þykir að geta þess, að áður en tekið var til varna í skiptaréttarmálinu af hálfu Kvenfélagsins Hringsins, skrifaði lögmaður félagsins heilbrigðismálaráðuneytinu bréf, dags. 11. ágúst 1956, og fór þess á leit, að ráðuneytið féllist á að greiða allan kostnað félagsins af málinu, að svo miklu leyti, sem hann yrði eigi greiddur af sjóði þeim, sem stofna átti samkvæmt arfleiðsluskránni.

Svar ráðuneytisins er dags. 14. september 1956, og fellst það á, „að greiða allan kostnað nefnds félags af greindu máli, að svo miklu leyti sem hann verður eigi goldinn af sjóði þeim, sem getur í arfleiðsluskrá Sigríðar Einarsdóttur, og kjörbörnum hennar verður eigi gert að greiða.“

Sóknaraðili þessa máls, G. A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, sendi því reikning sinn með bréfi, dags. 23. janúar 1963, til heilbrigðismálaráðuneytisins og fór þess á leit, að ráðuneytið innti greiðsluna af hendi. Svar ráðuneytisins var dags. 11. febrúar 1963, og „tekur ráðuneytið fram, að það telur, að leita beri greiðslu málskostnaðar af sjóðfé því, sem um er fjallað í ofangreindu erfðamáli“.

Skrifaði nú sóknaraðili stjórn Kvenfélagsins Hringsins bréf, dags. 21. febrúar 1963, og fór þess á leit, „að stjórnin hlutist til um, að mér verði goldinn af fé sjóðsins áminnztur reikningur minn, að upphæð kr. 320.458.66.“

Reikning sinn yfir kostnað af ofangreindum búskiptum hefur sóknaraðili sundurliðað þannig:

1) Þóknun fyrir málflutning fyrir skiptarétti ..	kr. 261.675.00
2) Mót við vitnaleiðslur	— 15.500.00
3) Útlögð gjöld og vélritun	— 10.665.50
4) Flutningur tveggja kærumála fyrir Hæstarétti ..	— 4.000.00
5) Aðstoð við skiptaráðanda, 4% af kr. 715.454.07 ..	— 28.618.16

Kr. 320.458.66

Kvenfélagið Hringurinn sneri sér nú til Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns og bað hann að athuga reikning sóknaraðilja.

Í framhaldi af þessari athugun skrifaði Guðmundur Ásmundsson hæstaréttarlögmaður sóknaraðilja bréf, dags. 18. apríl 1963, og segir svo í bréfi þessu:

„Kvenfélagið Hringurinn mun ekki hreyfa andmælum gegn reikningi yðar, að því er varðar aðra þætti en þóknun fyrir

flutning skiptaréttarmálsins: Kjörbörn og kjörbarnabörn Sigríðar Einarsdóttur og Magnúsar Benjamínssonar gegn Kvenfélaginu Hringnum. Tel ég, að hagsmunir félagsins, þeir er í húfi voru í málinu, geti ekki orðið taldir nema meiri fjárhæð en kr. 715.-454.07. Um rök fyrir þeirri skoðun vísa ég til samtals við yður í morgun, en þá ræddum við jafnframt um aðra þætti reiknings yðar.

Samkvæmt framanrituðu féllst Kvenfélagið Hringurinn á að greiða yður þessar fjárhæðir:

1. Þóknun fyrir flutning ofangreinds skiptaréttarmáls	kr. 41.773.00
2. Mót við vitnaleiðslur	— 15.500.00
3. Útlögð gjöld og vélritun	— 10.665.50
4. Flutningur tveggja kærumála í Hæstarétti ..	— 4.000.00
5. Aðstoð við skiptaráðanda, 4% af kr. 715.454.07	— 28.618.16

Kr. 100.556.66

Til greiðslu á nefndri fjárhæð sendi ég yður hér með tékka, að fjárhæð kr. 100.523.66, og í reiðufé kr. 33.00.

Kvittun yðar fyrir móttöku bréfs þessa og nefndrar greiðslu, að fjárhæð kr. 100.556.66, óskast rituð á samrit bréfs þessa.“

Sóknaraðili veitti svo viðtöku áðurgreindri fjárhæð með fyrirvara.

Mál þetta liggur því þannig fyrir stjórn L.M.F.Í., að ágreiningur er milli aðiljanna um þóknun sóknaraðilja fyrir flutning skiptaréttarmálsins: Kjörbörn og kjörbarnabörn Magnúsar Benjamínssonar og Sigríðar Einarsdóttur gegn Kvenfélaginu Hringnum.

Telur sóknaraðili, að málflutningslaun sín séu rétt reiknuð kr. 266.175.00 samkvæmt lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í., en varnaraðili telur, að reikna beri málflutningslaunin kr. 41.773.00, en þá fjárhæð hefur hann nú þegar goldið sóknaraðilja.

Til grundvallar útreikningi sínum á málflutningslaununum hefur sóknaraðili miðað við eftirtaldar eignir og í því sambandi flutt fram í greinargerð m. a. svofelldan rökstuðning:

„a. *Fasteignir:*

Ásvallag. 1 að fm.	kr. 370.000.00
Veltusund 3a	— 259.000.00
Þingholtsstr. 23	— 231.000.00

Kr. 860.000.00

Uppboðsverð Ásvallag. 1 var kr. 20.000.00
 lægra en 6-falt fasteignamat hennar. Reikn-
 að er með tilsvarendi verði hinna eignanna,
 þ. e. 6-földu fasteignamatsverði ÷ fyrir Veltu-
 sundið kr. 14.000.00 og fyrir Þingholtsstrætið
 kr. 12.486.00. Með þessu móti eru fasteigna-
 verðmæti þau, er málflutningurinn stóð um,
 kr. 860.000.00 x 6 ÷ (kr. 20.000.00 + 14.000.00
 + 12.486.00) eða kr. 5.113.514.00

b. Önnur verðmæti:

Sbr. skiptagerðina, innstæður, verðbréf, lausafé — 230.908.15

Fjárhæð sú, er málflutningslaun reiknast af — 5.344.422.15
 Málflutningslaun af téðri upphæð nema skv. lágmarksgjald-
 skrá Lögmannafélags Íslands kr. 266.175.00. Í þessu sambandi
 er rétt að geta þess, að málið stóð yfir í sex ár, og lögðum við
 hrl. Gunnar A. Pálsson báðir óhemju vinnu í málið.
 Enn skal þess getið, að hrl. Gunnar A. Pálsson fékk goldinn
 sinn reikning þegar í stað og orðalaust, eftir því sem hann hefur
 tjáð mér.“

Í bréfi, dags. 30. maí 1963, til stjórnar L.M.F.Í. hefur lög-
 maður varnaraðilja m. a. bent á eftirfarandi atriði:

„1. Í niðurlagi skiptaréttarúrskurðarins, sem tekið er upp í bréf
 Gústafs A. Sveinssonar, bls. 10—13, eru að minni hyggu leidd
 að því mjög sannfærandi rök,
 að frú Sigríður Einarsdóttir hafi ekki haft rétt til að ráð-
 stafa helmingi eigna dánar- og félagsbús hennar og manns
 hennar, og
 að með eignum búsins í þessu sambandi beri ekki að telja
 eignir þær, sem hjónin höfðu látið af hendi við kjörbörn
 sín, sem fyrirframgreiddan arf eða á annan hátt, heldur
 aðeins þær eignir, sem upp voru skrifaðar af skiptarétti 28.
 júní 1956. Til viðbótar því, sem greint er í úrskurðinum
 um þetta atriði, vil ég benda á orðalag erfðaskrár frú Sig-
 ríðar 21. ágúst 1954, þar sem talað er um „það, sem af-
 gangs kann að verða eftirlátinna eigna minna“.

Væri að mínu áliti mjög óeðlilegt að taka svo til orða,
 ef ráðstöfuninni væri ætlað að taka til eigna, sem kjörbörn-
 unum höfðu verið afhentar fyrir allt að 16 árum.

2. Samkvæmt úthlutunargerð skiptaréttarins námu brúttóeignir
 dánar- og félagsbúsins kr. 2.430.908.15, og er þá fasteignin

nr. 1 við Ásvallagötu reiknuð á söluverði kr. 2.200.000.00. Búshelmingur frú Sigríðar nam þannig brúttó kr. 1.215.454.57. Ef frá þeirri upphæð eru dregnir erfðahlutar kjörbarnanna tveggja, samtals kr. 400.000.00, og kjörbarnabarnanna fjögurra, samtals kr. 100.000.00, verður útkoman kr. 715.454.57. Málflutningsþóknun, miðuð við þá upphæð, verður samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. kr. 41.772.72. Ég tel, að þessi reikningsaðferð sé Gústaf A. Sveinssyni hagstæð, þar sem lögð er til grundvallar upphæð brúttóeigna, en ekki nettóeigna.

3. Ég tel enga ástæðu til að reikna álag á þóknun þá, sem um ræðir í 2. lið hér að ofan, í fyrsta lagi vegna þess að umbjóðandi minn hefur greitt Gústaf A. Sveinssyni að auki þóknun fyrir aðstoð við skiptaráðanda, 4% af kr. 715.454.57, eða kr. 28.618.16, svo sem hann hefur krafizt og hæst er til tekið í 11. gr. gjaldskrár L.M.F.Í. Verður þó að ætla, að afskipti hæstaréttarlögmansins af málefnum búsins hafi fyrst og fremst verið fólgin í meðferð skiptaréttarins, sbr. Hrd. 1962, bls. 100—101.

Í öðru lagi bendi ég á, að umbj. m. hefur greitt hæstaréttarlögmenninum sérstaklega fyrir mót við vitnaleiðslur kr. 15.500.00 þrátt fyrir ákvæði 2. málsg. 8. gr. gjaldskrár L.M.F.Í., sem að vísu virðist ekki vera í fullu samræmi við a-lið 1. málsg. 1. f. 2. gr. gjaldskrárinnar.

Í þriðja lagi vek ég athygli á því, að núgildandi gjaldskrá var samþykkt 19. maí 1959, en verulegur hluti af verki Gústafs A. Sveinssonar var unninn, meðan eldri og lægri gjaldskrá var í gildi.

4. Á bls. 17 í nefndu bréfi getur Gústaf A. Sveinsson hrl. þess, að andstæðingur hans í skiptaréttarmálinu, Gunnar A. Pálsson hrl., hafi fengið sinn reikning greiddan „þegar í stað og orðalaust“. Ég tel, að þetta atriði skipti engu máli um úrlausn þess ágreinings, sem hér liggur fyrir, þegar af þeirri ástæðu að ekki er upplýst, hvernig nefndur reikningur var úr garði gerður.
5. Það skal að sjálfsgöðu ekki vefengt, að þeir hæstaréttarlögmennirnir hafi lagt mikla vinnu í umrætt mál, enda báðir þekktir að nákvæmni og samvizkusemi í störfum sínum. Hitt kann ég ekki að dæma um, hvort nauðsynlegt hafi verið, að rekstur málsins tæki 6 ár.“

Við munnlegan flutning málsins færði sóknaraðili það m. a. fram, að málflutningslaun sín mætti einnig reikna þannig:

„a) *Aðalsök*, um gildi arfleiðsluskrár 21/8 '54. Þar snerist málið um hreina eign, sem reyndist vera kr. 2.289.993.43, sem allir töldu vera eign dánarbús Sigríðar. Málflutningslaun þar af skv. texta kr. 120.500.00.

b) *Framhaldssök*: Verðmæti kr. 5.344.422.15
 ÷ skuldir — 140.914.72

Kr. 5.203.507.43

Málflutningslaun þar af kr. 266.175.00.

c) Í uppboðsmálinu gæti mér eigi borið minni þóknun en kr. 116.000.00.

Samdráttur af þessu efni: a) kr. 120.500.00
 b) — 266.175.00
 c) — 116.000.00

Kr. 502.675.00.“

Varnaraðili mótmælti eindregið reikningsaðferð sóknaraðilja og taldi aðalsök og framhaldssök eitt mál, en uppboðsmálið hefði snúist um það eitt, hvenær hafi átt að selja fasteign dánarbúsins.

Skiptaréttarmálið er ákaflega umfangsmikið, t. d. er úrskurður skiptaréttarins 83 bls., og hefur því ekki verið unnt að rekja málið, nema í stórum dráttum, en rétt þykir að lokum að benda sérstaklega á eftirfarandi atriði.

Við uppskrift á dánarbúi Sigríðar Einarsdóttur komu strax fram allar eignir búsins, er voru við skiptalok taldar samtals kr. 2.430.908.15. Skuldir reyndust vera samtals kr. 140.914.72.

Með margnefndri arfleiðsluskrá hafði Sigríður Einarsdóttir kveðið svo á, að þau Kristinn E. Magnússon og María Magnúsdóttir skyldu hvort um sig hljóta kr. 200.000.00, og hvert barn þessara kjörbarna, sem lifðu arfleiðanda, skyldu á sama hátt hljóta kr. 25.000.00. Við skiptalok námu upphæðir þessar samtals kr. 500.000.00, og var aldrei ágreiningur um það í málinu, að þessar fjárhæðir skyldu inntar af hendi. Það, sem síðar yrði afgang af eignum Sigríðar, átti svo að renna til Kvenfélagsins Hringsins til stofnunar sjóðs þess, sem nánar er lýst í arfleiðsluskránni.

Upphaf skiptaréttarmálsins snerist svo um það, sem var meginatriði málsins, hvort arfleiðsluskrá Sigríðar Einarsdóttur, dags. 21. ágúst 1954, skyldi gild metin eða dæmd ógild, eins og sóknaraðili skiptaréttarmálsins krafðist. Að vísu voru dregin

inn í skiptaréttarmálið mörg ágreiningsatriði, eins og kröfugerðir aðiljanna í aðalsök og framhaldssök sýna, en þær kröfugerðir hafa verið raktar hér að framan.

En þegar málsatvik öll og málavextir í skiptaréttarmálinu eru virt, telur stjórn Lögmannafélagsins, að rétt sé að reikna málflutningslaun sóknaraðilja, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmans, með hliðsjón af þeim eignum, sem fyrir hendi voru við upphaf skiptanna og lok þeirra. Eignir þessar voru samtals kr. 2.430.908.15, en til frádráttar koma skuldir búsins, kr. 140.914.72, og einnig áðurgreindar kr. 500.000.00, sem aldrei var ágreiningur um, að greiða ætti.

Samkvæmt því telur stjórnin rétt að miða málflutningslaun sóknaraðilja við kr. 1.789.993.43. Þá telur stjórnin rétt, að launin séu ákveðin eftir lágmarksgjaldskrá Lögmannafélagsins frá 19. maí 1959, en með hliðsjón af því, hve mál þetta var umfangsmikið, þykir þóknun sóknaraðilja hæfilega ákveðin kr. 117.000.00, og er þá tekið tillit til þess, að sérstök þóknun, að fjárhæð kr. 15.500.00, hefur þegar verið greidd sóknaraðilja fyrir mót við vitnaleiðslur.

Ályktarorð:

Þóknun sóknaraðilja, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmans, fyrir flutning ofangreinds skiptaréttarmáls ákveðst kr. 117.000.00, en af þeirri fjárhæð hefur hann þegar fengið greiddar kr. 41.773.00.
